

Pilsaþyt, mannúð og mýkt í stjórn málin!

eftir Kristínu Ástgeirsdóttur

Það eru ekki nema um 300 ár síðan þeirri hugmynd tók að vaxa fylgi að vilji meirihlutans í hverju landi ætti að ráða för og *allir* ættu að njóta ákveðinna mannréttinda. Í hugum flestra þeirra sem skrifuðu um frelsið, náttúruréttinn og jafnréttið voru þessir *allir* eingöngu frjálsir, hvítir karlar.

Það leið ekki á löngu þar til konur hófu upp raust sína og sögðu: Við viljum njóta mannréttinda líka. Frá dögum frönsku stjórnarbyltingarinnar eða í rúm 200 ár hafa konur, fyrst í Evrópu og Ameríku, síðan í öðrum heimsálfum barist fyrir réttinum til að velja sér lífsfarveg, réttinum til að hafa áhrif á mótun samfélagsins, réttindum til að breyta þjóðfélaginu þannig að það taki mið af þörfum og gildismati kvenna jafnt sem karla og bjóði börnum betra líf.

Kvannahreyfingin er ein af mörgum fjöldahreyfingum sem krefst þess að lýðræðið og frelsið sé ekki bara fyrir suma, heldur beri að skapa samfélag þar sem allir fá að njóta sín óháð kyni og stétt. En — þrátt fyrir langa og stranga baráttu eigum við langt í land.

Framundan er glíma

Kvennalistinn er grein á meiddi 200 ára mannréttindabaráttu kvenna. Við kvennalistakonur höfum valið þá sérstöku leið að bjóða fram til Alþingis og sveitarstjórna af því að við trúum því að ein leiðin til að bæta stöðu kvenna og barna sé að konur komist þar að sem ráðum er ráðið, þar sem raddir þeirra heyrast og kvenfrelsis sjónarmið birtast. Við trúum því að konur hafi af mikilli

reynslu og margvíslegri vísu að miðla sem eigi erindi inn í íslensk stjórn málin. Við trúum því að konur ungar sem gamlar, lærðar sem ófag-lærðar, með börn eða án barna, verði að grípa til sinna ráða til að rétta hlut kvenna í samfélaginu. Aðrir gera það ekki fyrir okkur. Við trúum því að aldrei hafi verið brýnna en nú að auka áhrif kvenna og styrkja stöðu þeirra í íslensku samfélagi. Vegna þess að framundan er glíma um framtíð jarðarinnar og stöðu Íslendinga í samfélagi þjóðanna. Í þeirri löngu göngu sem framundan er verða konur að láta til sín taka og beita sér í þágu kvenfrelsis, lífsins, náttúruverndar og lífshagsmuna Íslendinga.

Sameinuðu þjóðirnar hafa komist að þeirri niðurstöðu að Vesturlönd verði að snúa frá sinni hagvaxtar- og iðnaðarstefnu eigi að takast að bjarga jörðinni eftir gegndarlausu rányrkju, sóun og eyðileggingu jarðargæða. Við á norðurhveli jarðar lifum í vellystingum miðað við suðurhlutann og leyfum okkur að deila og drottna að vild. Verði er haldið niðri á framleiðsluvörum fátæku ríkjanna, herir eru sendir út um allar jarðir til að klekkja á stjórnarherrum sem voru vinir í gær en eru óvinir í dag, allt eftir því hvað hentar hagsmunum Vesturlanda. Þriðja heimsríkin vilja njóta þeirra lífsgæða sem okkur bjóðast, en það getur ekki þýtt annað en endanlega eyðingu jarðarinnar, eins og málum er nú háttáð. Ísskápur inn á hvert kínerskt heimili myndi eyða ózonlaginu á skömmum tíma. Bláeign Indverja á við það sem hér þekkt myndi auka loftmengun gifurlega og ganga verulega á auðlindir jarðar. Sökudólgurinn — Vesturlönd — sem ruðst hafa áfram í blindri tæknihyggju,

verða að hægja ferðina og finna hið æskilega jafnvægi milli manns og náttúru í samvinnu við allar þjóðir heims. Íslendingar geta ekki verið stíkkfrí í þeirri baráttu sem framundan er. Við eigum að ganga á undan með góðu fordæmi.

Viðvarandi karlmannsleysi í Reykjavík

Hér á Íslandi ríkir stöðnun. Tekjur þjóðarinnar hafa ekki aukist í neinu samræmi við útgjöld. Við horfum upp á niðurskurð á ýmsum sviðum og tekist er á um nánast hverja krónu. Tæknibreytingar og minnkandi affi hafa fækkað störfum einkum á landsbyggðinni. Þessi þróun hefur bitnað harkalega á konum og þær leita í stórum stíl frá fábreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni til þéttbýlisins suðvestanlands þar sem vinnu hefur verið að fá. Nú ríkir verulegt misvægi milli kvenna og karla í byggðum landsins. Bændur sitja einir á bítum sínum, meðan við hér á Reykjavíkursvæðinu megum þola viðvarandi karlmannsleysi.

Láglaunastefna undanfarinna ára, nú síðast í nafni þjóðarsáttar, er mannskemmandi, en hún hefur leitt til vaxandi launamunar milli kvenna og karla. Mun fleiri konur en karlar vinna samkvæmt umsömdum tóxtum sem eru aldeilis fáránlega lágir, meðan mörgum körlum er bættur skaðinn með launaskriði og spolum af ýmsu tagi. Félagsleg þjónusta hvort sem hún er fyrir börn eða gamla fólkið er ófullnægjandi og okkar ríka samfélagi til skammar. Þetta er nefnilega allt spurning um forgangsroð verkefna. Í hverju viljum við fjárfesta? Börnum og framtíðinni, eða loðdýraævintýrum, ráðhúsum, flugstöðvum og veitingahúsum sem snúast?



Kristín Ástgeirsdóttir

„Ein leiðin er sú að hvíla okkur á spillingu, samtryggingu, forréttindum og ráðaleysi gömlu flokkanna, en auka þess í stað áhrif kvenna, hleypta ferskum vindum að með þeim pilsaþyt, mannúð og mýkt sem fylgir Kvennalistanum.“

Hver eru ráðin sem gömlu flokkarnir bjóða upp á?

Álver og aftur álver er eina svarið við atvinnuvandanum. Og það er von að þeir séu fastir í fortíðarhyggju, því þeir hafa svo mikið að gera við að skipta á milli sín bankastjórastöðum, svipta launafólk samningsrétti, rífta samningum, svívirða heilu starfsstéttirnar og auglýsa sig í blöðunum á kostnað almennings, að annað kemst ekki að.

Það þarf siðbót í íslenskum stjórn málin og því er erindið sem við kvennalistakonur eigum við íslenska kjósendur margslungið.

Snýst kvennabaráttan um dagvistarmál?

Í könnun sem Félagsvísindastofnun gerði nýlega fyrir Kvennalistan kom í ljós að mörgum finnst kvennalistakonur tala mest um dagvistarmál. Mikið rétt, við tölum mikið um dagvistarmál og ætlum að halda því áfram þar til þau verða komin í gott og eðlilegt horf, en það er langt í frá að þau séu okkar eina baráttumál.

Í komandi kosningum leggur Kvennalistinn sem fyrr megináherslu á að bæta stöðu kvenna og barna. Við teljum það algjört forgangsmál að leiðrétta kjör hinna lægst launuðu með hækkun lægstu launa og hækkun skattleysismarka, en þar á móti koma fleiri skattþrep og skattur á fjármagnstekjur til að mæta tekjutapi ríkissjóðs. Við höfum aðild að Evrópubandalaginu og teljum hagsmunum Íslendinga þetur borgið utan þessarar karlstýrðu og miðstýrðu efnahagsheildar. Við viljum leggja áherslu á að nýta það sem við eigum og byggja upp öflugt atvinnulíf í sátt við náttúru landsins. Við horfum til fullvinnslu sjávaraflla, endurreisnar ullariðnaðarinnar, ferðaþjónustu, endurvinnslu, vetnisframleiðslu, líftækni og fleiri greina sem undirstöðu þess lífs sem við viljum lifa í landinu. Atvinnusköpun framtíðarinnar þarf ekki síst að taka mið af konum eigi að takast að skapa jafnvægi í byggðum landsins. Síðast en ekki síst viljum við stokka upp byggðastefnuna og jafna aðstöðu landsmanna með því að efla ákveðna byggðakjarna, þannig að fólk geti í raun valið hvar það vill búa.

Við Íslendingar þurfum að leita nýrra leiða til að skapa það fyrirmyndarsamfélag sem við viljum sjá hér. Ein leiðin er sú að hvíla okkur á spillingu, samtryggingu, forréttindum og ráðaleysi gömlu flokkanna, en auka þess í stað áhrif kvenna, hleypta ferskum vindum að með þeim pilsaþyt, mannúð og mýkt sem fylgir Kvennalistanum.

Höfundur skipar þriðja sæti Kvennalistans í Reykjavík.

MBE. 11.4.191